

# Starfsmenntun

Fimm atriði sem kveðið er á um í Hvítbók lágu til grundvallar vinnunni

## Aðgerðaráætlun: STARFSMENNTUN

Verkefnahópurinn var skipaður af mennta og menningarmálaráðherra 24. september 2014. Hann skipa Elsa Eiríksdóttir, lektor á menntavísindasviði HÍ, Helen Gray, doktorsnemi við menntavísindasvið HÍ, Kristján Ásmundsson, skólameistari Fjölbrautaskóla Suðurnesja, Ólafur Grétar Kristjánsson, deildarsérfræðingur í mennta- og menningarmálaráðuneyti, Svava Þorkeldsdóttir, mannauðsstjóri Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og formaður starfsgreinaráðs heilbrigðis-, félags- og uppeldisgreina og Guðrún Ragnarsdóttir, verkefnastjóri.

Fyrsti fundur hópsins var 29. ágúst 2014 og voru 17 fundir haldnir, auk 3ja samráðsfunda með 30 manna hópi hagaðila og tveir fundir með fulltrúum starfsgreinaráða. Í heildina voru það um 100 manns sem komu að þessu ferli á einhverjum tímamarki. Auk þess bárust samantektir frá 11 starfsgreinaráðum, SA, SÍ, ASÍ, KÍ og skólameisturum starfsmenntaskóla sem verkefnahópurinn horfði til fyrir utan allar þær skýrslur, samantektir og fundi sem haldnir hafa verið um starfsmenntamál á Íslandi sl. ár.

Áhersluatriði Hvítbókarinnar varðandi starfsmenntun:

1. Endurskipulagning náms á starfsmenntabrautum með einfaldara grunnám að leiðarljósi, þrepaskiptingu, hæfni kröfum og styttingu námstíma.
2. Að allt starfsnám feli í sér vinnustaðanam, en gæðamat, ábyrgð og fjármögnun vinnustaðanáms verði endurskoðuð.
3. Að laga- og stofnanaumgjörð starfsnáms eftir framhaldsskóla verði endurskoðuð og afstaða tekin til þess hvort stofna skuli sérstakt fagháskólastig.
4. Bættar stýringar og stjórnýslu starfsmenntamála með því að endurmeta hlutverk nefnda og ráða og skilgreina hlutverk aðila á því sviði.
5. Að náms- og starfsráðgjöf og starfsfræðsla verði eflað, bæði í efstu bekkjum grunnskóla og á fyrsta ári í framhaldsskóla, og ýtt verði undir að fleiri nemendur velji sér starfsnám.

Útgangspunktur verkefnahópsins voru ofangreind 5 áhersluatriði en hópurinn komst fljótt að því að áður en hægt væri að ræða einstök atriði var mikilvægt að skilgreina heildarmyndina. Enn fremur var mikilvægt að skilgreina hvað er átt við með starfsnámi og í þessu samhengi er það allt iðn- og starfsnám á framhaldsskólastigi (sjá aftast í aðgerðaráætlun).


Verkefnahópurinn byrjaði á því að skilgreina helstu stoðir starfsmenntunar:

- Lagaramminn - umgjörðin
- Stjórnýslan (ráðuneytið, undirstofnanir, nefndir, þjónustuaðilar og námskrár)
- Starfsmenntaskólarnir – kennarar, námsefni
- Fyrirtæki/stofnanir – vinnustaðasamningar
- Nemendur

Verkefnahópurinn skilgreindi einnig ákveðna „draumsýn“ starfsmenntunar til að hafa að leiðarljósi:

## Starfsmenntun

Fimm atriði sem kveðið er á um í Hvítbók lágu til grundvallar vinnunni



Hópurinn taldi mikilvægt að skilgreina ákveðin meginmarkmið starfsmenntunar sem yrðu höfð að leiðarljósi í þeirri vinnu sem framundan var. Þau voru:

- Bjóða upp á krefjandi nám til starfa með því að þróa færni og hæfni nemenda sem stuðlar að samkeppnishæfu og öflugu atvinnulífi og hvetur til náms alla ævi.
- Bjóða upp á starfsnám sem höfðar til ungs fólks og undirbýr það fyrir þátttöku í samfélaginu og þarfir vinnumarkaðarins á hverjum tíma og áframhaldandi starfsnáms.
- Stuðla að skýru og skilvirknu námskerfi sem byggir á samvinnu og þátttöku samfélagsins (skólasamfélagið - atvinnusamfélagið) með hliðsjón að nýsköpun, þróun og framtíðarsýn.
- Tryggja sjálfbærni atvinnugreina og tækifæri til náms til framtíðar.
- Undirbúa nemendur til frekara náms á háskólastigi eins og við á.

Einnig voru skilgreindir þeir lykilþættir sem hópurinn taldi að væri mikilvægt að hafa í huga við mótun „draumsýnarinnar“.

- Inntökuskilyrði/innngönguleiðir í starfsnám
- Þrepaskipting
- Ferilbækur
- Tvískipt kerfi en samtvinnað.
- Þjálfar leiðbeinendur
- Sveigjanleiki kerfisins
- Ábyrgð á starfsnámi í heild sinni gagnvart nemanda
- Náms tími – samspil skóla og vinnustaðanáms
- Útgönguleiðir (atvinnulífið/næsta skólastig)/starfshæfni
- Tenging starfsnáms við framhaldsfræðslu
- Mannafloppur

Loks voru skilgreindir notendur „kerfisins“ þar sem ákveðið var að draga sérstaklega fram nemendur sem búa á landsbyggðinni vegna sérstöðu þeirra.

- Ungir nemendur sem vita ekki hvað þeir vilja verða/læra.

## Starfsmenntun

Fimm atriði sem kveðið er á um í Hvítbók lágu til grundvallar vinnunni

- Ungir nemendur sem vita hvað þeir vilja verða/læra.
- Eldri nemendur með reynslu.
- Nemendur á landsbyggðinni.

Hér fyrir neðan eru drög að aðgerðaráætlun sem verkefnahópurinn telur mikilvægt að verði hrint í framkvæmd næstu 3 til 5 árin. Hópurinn er sammála um allar þessar aðgerðir og voru engin álitæfni innan hópsins þótt þau séu mörg almennt í umræðunni um umbætur í starfsmenntun.

Verkefnahópurinn vill þakka öllum þeim sem komu að þessari vinnu fyrir einstaklega gott samstarf.

# Starfsmenntun

Fimm atriði sem kveðið er á um í Hvítbók lágu til grundvallar vinnunni

<b>Markmið 1</b>		<b>Mælikvarðar:</b>				
<b>Koma á markvissu og skilvirku starfsnámi sem höfðar jafnt til yngri sem eldri nemenda.</b>		x% hlutfall nýliða árið 2018/2025				
		x% hlutfall nýliða beint úr grunnskóla árið 2018/2025				
		x ár í starfsnámi að meðaltali árið 2018/2025				
		x fjöldi sem lýkur sveinsprófi/starfsréttindum árið 2018/2025				
	<b>Aðgerðir</b>	<b>Upphafspunktur</b>	<b>Ábyrgð</b>	<b>Samstarf</b>	<b>Tímalengd</b>	<b>Áætl. kostn.</b>
<b>1a)</b>	Framhaldsskólar beri ábyrgð á starfsnámsferlinu í heild sinni <b>gagnvart nemendum</b> í nánu samstarfi við atvinnulífið en framkvæmdin er byggð á þríhliða skriflegu samkomulagi/samningi á milli nemanda, skóla og vinnustaðar. Náið samstarf fagkennara og meistara/leiðbeinanda á vinnustað.	Haust 15		Skólar og atvinnulífið	1-2 ár	
<b>1b)</b>	Koma á breiðu grunnnámi (grunnstoðir) starfsgreina í samráði við starfsgreinaráðin. Þjóða upp á nýja inngönguleið í fjölbreytt og aðlaðandi starfsnám sem höfðar til breiðari nemendahóps. Sérstök áhersla er lögð á að styrkja einstaklinginn til áframhaldandi náms. Inntökuskilyrði verða þau sömu og er í starfsnám í dag. Áhersla verður lögð á að kynna störf og munu helstu þættir námsins nýtast áfram í hvaða nám sem er á framhaldsskólastigi. Núverandi inngönguleiðir verða áfram í boði fyrir þá nemendur sem vita hvað þeir vilja. Einingar úr þessu breiða grunnnámi geta nýst í bóknám jafnt sem starfsnám en það þarf að útfæra nánar. Skoða mætti hvort grunnnám yrði í boði í 10. bekk grunnskóla frekar en á fyrsta ári framhaldsskóla.	Haust 16		Skólar og starfsgreinanevnd	1 1/2 ár	
<b>1c)</b>	Koma á inngönguleiðum í starfsnám jafnt í gegnum skóla sem vinnustaði. Lagt er til að inngönguleiðir í starfsnám verði: 1. Faglegt grunnnám fyrir þá sem eru búnir að velja sér ákveðið starfsnám. 2. Breitt grunnnám, "grunnstoðir" (1-2 annir) hugsað fyrir ungt fólk sem veit ekki hvaða starfsnám það vill læra en hefur ekki áhuga á bóknámi. 3. Þeir sem eru með samning (nemendur með reynslu). 4. Endurkoma / raunfærnimat / brýr. Almennt mundu yngri nemendur koma inn í gegnum leið 1-3 og eldri í gegnum leið 3-4. Mikilvægt að tryggja jafnan aðgang nemenda að námi.	Haust 16		Skólar og starfsgreinaráð	1-2 ár	
<b>1d)</b>	Innleiða ferilbækur í allt starfsnám frá upphafi náms til útskriftar og koma á skilgreindri eftirfylgni. Ferilbækur skulu vera skilyrði til sveinsprófs/lokaprófs.	Haust 15		Skólar og starfsgreinaráð	1-2 ár	

## Starfsmenntun

Fimm atriði sem kveðið er á um í Hvítbók lágu til grundvallar vinnunni

	<b>Aðgerðir</b>	<b>Upphafspunktur</b>	<b>Ábyrgð</b>	<b>Samstarf</b>	<b>Tímalengd</b>	<b>Áætl. kostn.</b>
<b>1e)</b>	Rýna starfsnámsbrautir með það að leiðarljósi að gera þær markvissari og skilvirkari bæði í skóla og á vinnustað um leið og útfærðar verða ferilbækur fyrir námið í heild sinni. Mikilvægt er að huga að aukinni víxlverkun (dual system) eins og við á en rannsóknir sýna að það skili mestum árangri í yfirfærslu þekkingar. Mikilvægt að nemandinn sé ávallt í forgrunni í þessari endurskoðun.	Haust 16		Skólar og starfsgreinaráð	1-2 ár	
<b>1f)</b>	Tengja allar útgönguleiðir starfsnáms við ákveðnar hæfnikröfur starfa og starfslýsingar sem unnar eru í samráði við atvinnulífið (er gert í dag). Tryggja þarf að hver útgönguleið opni fyrir möguleika á áframhaldandi námi eða styrki nemandann í starfi.	Haust 16		Skólar og starfsgreinaráð	1-2 ár	
<b>1g)</b>	Ljúka við gerð íslenska hæfnirammans og ná sátt um hann á heildstæðan hátt. Unnið er að þessu verkefni undir verkstjórn Rannís.	Vor 15	MRN		1/2 ár	
<b>1h)</b>	Mikilvægt er að tryggja ákveðið jafnvægi á milli framboðs til starfsnáms og eftirspurnar viðkomandi starfsgreina. Samtal á milli skóla, starfsgreinaráða og atvinnulífs er mikilvægur þáttur í þessu samhengi þar sem mannaflaspár einstakra starfsgreina ættu að gefa til kynna framtíðareftirspurn. Það er svo í höndum stjórnvalda að taka afstöðu til þess hvenær og hvort það eigi að skilgreina aðgangsstýringar í ákveðnum greinum eða ekki.	Haust 16	MRN	MRN, atvinnulífið og starfsgreinaráð	1 ár	
<b>1i)</b>	Til að tryggja að nemendur geti stundað starfsnám í sinni heimabyggð er mikilvægt að vinna að uppbyggingu menntaklasa á skilgreindum landssvæðum sem byggja m.a. á atvinnutækifærum og menningu viðkomandi svæða. Jafnframt er mikilvægt að það nám nýtist til áframhaldandi náms.	Haust 17		Skólar og atvinnulífið	2 1/2 ár	

# Starfsmenntun

Fimm atriði sem kveðið er á um í Hvítbók lágu til grundvallar vinnunni

<b>Markmið 2</b>		<b>Mælikvarðar:</b>				
<b>Efla vinnustaðanám og skapa aðstöðu fyrir alla nemendur til að ljúka sínu námi.</b>		<b>Hlutfall þeirra sem útskrifast eftir x ár 2018/2025</b>				
		<b>x ár meðalaldur þeirra sem útskrifast 2018/2025</b>				
		<b>x fjöldi vinnustaðasamninga 2018/2025</b>				
		<b>x fjöldi fyrirtækja með nemaleyfi 2018/2015</b>				
	<b>Aðgerðir</b>	<b>Upphafspunktur</b>	<b>Ábyrgð</b>	<b>Samstarf</b>	<b>Tímalengd</b>	<b>Áætl. kostn.</b>
<b>2a)</b>	Koma á opnum samningum sem ekki er bundið við einn vinnustað. Þetta er framkvæmt í dag að einhverju leyti en vantar heimild í reglugerð.	Haust 15	MRN	Skólar og starfsgreinaráð.	1/2 ár	
<b>2b)</b>	Nýta á ferilbækur sem hluta af símati og fylgja þeim markvisst eftir af skólum og nefndum. Með símati er átt við mat á hæfni nemandans út frá skilgreindum þáttum í ferilbók í gegnum allt námið hvort sem það er í skóla eða á vinnustað. Við námslok er mikilvægt að skóli eða framkvæmdaraðili sveinsprófs rýni ferilbók til staðfestingar um að nemandinn hafi tileinkað sér þá hæfni sem ferilbókin segir til um.	Haust 15		Skólar, starfsgreinaráð og atvinnulífið.	1/2 ár	
<b>2c)</b>	Koma á markvissri þjálfun leiðbeinanda á vinnustöðum og fylgja því eftir með því að gera það skilyrt í gegnum vinnustaðanámssjóð.	Haust 16		Atvinnulífið og starfsgreina-ráð	1 ár	
<b>2d)</b>	Styrkja framtíð vinnustaðanámssjóðsins svo hann verður ekki háður afgreiðslu fjárlaga hverju sinni. Þá þarf að útfæra betur hvaða skilyrðum styrkir úr sjóðnum skuli bundnir og hvort og þá með hvaða hætti stuðningur úr sjóðnum verði tengdur áherslum byggðum á þarfagreiningu og mannaflaspám.	Haust 15		MRN og atvinnulífið.	1/2 ár	
<b>2e)</b>	Nemandi sem skráir sig í starfsnám þarf alltaf að geta gengið að því vísu að geta lokið sínu starfsnámi. Núverandi samspil skóla og vinnustaða (vinnustaðaleið – a.m.k. 50% af námi á vinnustað) er sjálfgefna leiðin í starfsnámi en í einstökum tilfellum kann að vera þörf á að skilgreina skólaleið (a.m.k. 20% af námi á vinnustað) til að tryggja að nemendur geti lokið námi sínu.	Haust 16		Skólar, starfsgreinaráð og MRN.	1-2 ár	
<b>2f)</b>	Starfsnámsskólar skilgreina ákveðið hlutverk tengiliða innan skóla (starfslýsing) sem eru í nánu samstarfi við atvinnulífið til þess að tryggja gagnvirk samskipti á milli skóla og vinnustaða.	Haust 15		Skólar og atvinnulífið	1-2 ár	

## Starfsmenntun

Fimm atriði sem kveðið er á um í Hvítbók lágu til grundvallar vinnunni

<b>Markmið 3</b>		<b>Mælikvarðar:</b>				
<b>Byggja upp fagháskólastig til framtíðar</b>		<b>Búið að teikna um núverandi námsleiðir haust 2015</b>				
		<b>Nefnd um fagháskólastig skili tillögu árslok 2015</b>				
	<b>Aðgerðir</b>	<b>Upphafspunktur</b>	<b>Ábyrgð</b>	<b>Samstarf</b>	<b>Tímalengd</b>	<b>Áætl. kostn.</b>
<b>3a)</b>	Teikna upp núverandi námsleiðir á milli skólastiga (opnar leiðir) og skoða aðgangskröfur háskólanna.	Haust 15	MRN		1/2 ár	
<b>3b)</b>	Skipa nefnd til að skilgreina fagháskólastigið, rýna núverandi valkosti og gera tillögu um framtíðarfyrirkomulag. Mikilvægt er að skilgreindar verði greiðar leiðir úr starfsnámi á framhaldsskólastigi í háskólanám.	Haust 15	MRN		1/2 ár	

# Starfsmenntun

Fimm atriði sem kveðið er á um í Hvítbók lágu til grundvallar vinnunni

<b>Markmið 4</b>		<b>Mælikvarðar:</b>				
<b>Koma á skilvirkri stjórnsýslu starfsmenntamála.</b>		<b>Fjöldi starfsmanna sem vinna að starfsmenntun í MRN 2018/2025.</b> <b>Fjöldi árlegra funda nefnda.</b> <b>Árlegt samráð nemaleyfisnefnda og sveinsprófsnefnda.</b> <b>Aldur- og kynjasamsetning starfsgreinaráða.</b> <b>Fjöldi nemaleyfisnefnda pr. starfsgreinaráð.</b> <b>Nýting upplýsingaveitu um starfsmenntamál.</b> <b>Fjöldi úttekta.</b> <b>Fjöldi frávika frá skilgreindu verklagi.</b> <b>Viðhorf aðila innan starfsmenntakerfisins til stjórnsýslunnar.</b>				
	<b>Aðgerðir</b>	<b>Upphafspunktur</b>	<b>Ábyrgð</b>	<b>Samstarf</b>	<b>Tímalengd</b>	<b>Áætl. kostn.</b>
4a)	Mikilvægt er að allir hagaðilar leggist á eitt um að vinna að þeirri aðgerðaráætlun sem verður endanlega samþykkt varðandi umbætur í starfsmenntun. Mennta- og menningarmálaráðuneytið leiðir þá vinnu en ábyrgð einstakra aðgerða dreifist á marga aðila. Grundvallarþáttur í þeirri vegferð er að byggja upp öfluga stjórnsýslu starfsmenntamála sem leiðir umbætur á starfsmenntun til framtíðar.	Vor 15	MRN		1 ár	
4b)	Koma á stefnumótandi nefnd (sbr. ráðgefandi hópur Hvítbókaverkefnanna) sem hittist 1-2 á ári og leggur grófu línurnar fyrir starfsgreinanefndina og tekur við ábendingum frá grasrótinni.  <b>Stjórnsýsla starfsmenntamála</b>  	Haut 15	MRN		½ ár	




## Starfsmenntun

Fimm atriði sem kveðið er á um í Hvítbók lágu til grundvallar vinnunni

	Aðgerðir	Upphafspunktur	Ábyrgð	Samstarf	Tímalengd	Áætl. kostn.
4c)	Byggja upp dýnamísk starfsgreinaráð sem endurspeglar aldursdreifingu og kynjaskiptingu starfsgreina t.d. með reglulegri endurnýjun þar sem 2 nýjir koma inn annað hvert ár. Skoða þarf hvort styrkja eigi aðkomu framhaldsskóla og KÍ að starfsgreinaráðunum.	Haust 17		MRN og tilnefningar-aðilar	1-2 ár	
4d)	Endurskoða hlutverk starfsgreinaráða þ.m.t skilgreina betur hlutverk formanna, skerpa á öllum ferlum í tengslum við starfsgreinaráðin, skilgreina boðleiðir milli einstakra fulltrúa og þeirra baklands og efla tengsl milli skóla og starfsgreinaráða.	Vor 15	MRN	MRN og starfsgreina-nefnd.	1 ár	
4e)	Tryggja samræmt skipulag og utanumhald um starfsemi starfsgreinaráða. Efla tengingu starfsgreinaráða við ráðuneytið og í gegnum starfsgreinanefnd.	Haust 15	MRN		1 ár	
4f)	Skipa eina nemaleyfisnefnd fyrir hvert starfsgreinaráð. Skerpa á hlutverki nemaleyfisnefnda með því að skilgreina það í reglugerð og gera starfsgreinaráðum skylt að setja þeim starfsreglur.	Haust 15	MRN	MRN og starfsgreina-nefnd.	1 ár	
4g)	Koma á árlegu samráði milli sveinsprófsnefnda annars vegar og nemaleyfisnefnda hins vegar þar sem fulltrúum starfsnámskóla væri boðið.	Haust 15	MRN		½ ár	
4h)	Byggja upp miðlæga upplýsingaveitu varðandi starfsnám sem hluti af upplýsingaveitu um framhaldsskóla. Einnig er mikilvægt að tengja þá upplýsingaveitu við upplýsingavefinn <a href="http://www.naestaskref.is">www.naestaskref.is</a> sem unnið er að hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífisins.	Haust 15	Ný stofnun		1 ár	
4i)	Skilgreina og koma á reglulegum úttektum og gæðakerfi. Greina þarf hvaða úttektir þarf að vinna með reglulegum hætti og af hverjum. Koma þarf á gæðamati sem nær til námsins í heild sinni þ.e. þar sem lagt er mat á gæði náms í skóla og á vinnustað.	Haust 16		MRN og starfsgreina-nefnd.	1-2 ár	
4j)	Unnið er að endurskoðun samninga við þjónustuaðila og er mikilvægt að sú endurskoðun taki mið af aðgerðaráætlun um umbætur í starfsmenntun.	Vor 15		MRN og þjónustuaðilar	1 ár	

# Starfsmenntun

Fimm atriði sem kveðið er á um í Hvítbók lágu til grundvallar vinnunni

<b>Markmið 5</b>		<b>Mælikvarðar:</b>				
<b>Fjölga nemendum sem velja starfsnám á framhaldsskólastigi og ljúka því.</b>		<b>Brottfall nemenda í starfsnámi verði x% 2018/2025</b>				
		<b>Fjöldi nýnema í starfsnámi verði x 2018/2025</b>				
		<b>Fjöldi útskrifaðra úr starfsnámi verði x 2018/2025</b>				
	<b>Aðgerðir</b>	<b>Upphafspunktur</b>	<b>Ábyrgð</b>	<b>Samstarf</b>	<b>Tímalengd</b>	<b>Áætl. kostn.</b>
5a)	<p>Byggja upp stuðningsnet nemenda í starfsnámi í hverjum skóla.</p> <p style="text-align: center;"><b>Nemandinn í forgrunni</b> dæmi um stuðningsnet nemenda</p> <div style="display: flex; justify-content: space-around; align-items: center;"> <div style="text-align: center;"> <p><b>Náms- og starfsráðgjafi</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>-Starfsráðgjöf</li> <li>-Námsráðgjöf</li> <li>-Námsaðstoð</li> </ul> </div> <div style="text-align: center;"> <p><b>Umsjónaraðili:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>-Umsjónarkennari</li> <li>-Fagkennari</li> <li>-Námstækni</li> </ul> </div> </div> <div style="text-align: center; margin: 10px 0;"> <p>Aðstandendur</p>  </div> <div style="display: flex; justify-content: space-between;"> <div style="text-align: center;"> <p><b>Samnemendur</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>-Skóla</li> <li>-Á vinnustað</li> </ul> </div> <div style="text-align: center;"> <p><b>Atvinnulífsfulltrúi</b></p> </div> </div> <div style="display: flex; justify-content: space-between;"> <div style="text-align: center;"> <p><b>Fóstri á vinnustað</b> (Jafningi)</p> </div> <div style="text-align: center;"> <p><b>Stuðningsfulltrúi</b></p> </div> </div> <div style="text-align: center; margin-top: 10px;"> <p><b>Leiðbeinandi á vinnustað</b></p> <p><b>Hjúkrunarfræðingur/ sálfræðingur</b></p> </div>	Haust 15		Skólar og atvinnulíf	1 ár	
5b)	Efla kynningu á starfsnámi í grunnskólum t.d. útvíkka GERT verkefnið þannig að það nái til starfsnáms almennt, tengja vinnuskóla við starfsnámsskóla og útvíkka Íslandsmót iðngreina þannig að það sé haldið árlega. Huga þarf sérstaklega að því að hvetja foreldra til að mæta og að dagskráin höfði til þeirra. Einnig þarf að koma á kynningu á störfum (sem starfsnámið miðar að) á öllum stigum grunnskólans.	Haust 16		Sveitarfélög, fagfélög og FNS	1-2 ár	
5c)	Efla hlutverk náms- og starfsráðgjafa á grunn- og framhaldsskólastigi (þarf að taka mið af tillögum verkefnahóps um náms- og starfsráðgjöf).	Haust 16		MRN, FNS, sveitarfélög, skólar	1-2 ár	
5d)	Móta skýra mynd (myndræn framsetning) af a) inngönguleiðum í starfsnám þar sem markmið námsins koma skýrt fram ásamt hæfnikröfum starfs og starfslýsingu og b) leiðarkerfinu frá upphafi til enda þ.e. í gegnum ólík skólastig.					
5e)	Gagnlegt væri að gera reglulega áhugasviðsgreiningu hjá nemendum í efri bekkjum grunnskóla. Þá væri einnig æskilegt að koma á samræmdum prófum eða mati á getu nemenda á sviði verk-, starfs- og tæknigreina. Með samræmdu mati væri þeim greinum gert hærra undir höfði en nú er.					

# Starfsmenntun

Fimm atriði sem kveðið er á um í Hvítbók lágu til grundvallar vinnunni

## Listi yfir starfsnám sem er á framhaldsskólastigi

Þessi listi er ekki tæmandi en reynt var að draga fram það starfsnám á framhaldsskólastigi sem er í boði í tengslum við formlega skólakerfið.

Bakaraiðn	Matsveinanám
Bifreiðasmíði	Matvælagreinar grunnám
Bifvélavirkjun	Málaraiðn
Bílamálun	Málmiðnir grunnám
Bíliðnir grunnám	Málmsuða/rafsuða
Blikksmíði	Mjólkuriðn
Blómaskreytingar	Múraraíðn
Bókasafnstækni	Netagerð
Bókband	Nudd
Búfræði	Pípulagnir
Bygginga- og mannvirkjagreinar grunnám	Prentsmíð/grafísk miðlun
Fatataekni	Prentun
Ferðamál - ferðafræði (MK)	Rafeindavirkjun
Félagliðabraut	Rafiðnir, grunnám
Félagsmála- og tómsundabraut	Rafveituvirkjun
Fisktæknir	Rafvélavirkjun
Fjölmiðlataekni	Rafvirkjun
Flugliðabraut	Rennismíði
Fótaaðgerðafræði	Símismíði
Framhaldsnám lyfjatekna	Sjúkraliðanám
Framhaldsnám sjúkraliða	Skipstjórn
Framreiðsla	Skólaliðar
Garðplöntufræði	Skósmíði
Gull- og silfursmíði	Skrifstofutækni
Handiðabraut	Skrúðgarðyrkja
Hársnyrtiðn	Slátrun
Heilbrigðis- og félagsþjónustubraut	Snyrtifræði
Heilbrigðisritarar	Stálsmíði
Hestasveinn	Stóriðjubraut
Húsasmíði	Stuðningsfulltrúar í skólum
Húsgagnabólstrun	Söðlasmíði
Húsgagnasmíði	Tanntæknibraut
Hússtjórn	Trefjaplastvinnsla
Íþróttabraut starfsnám	Tréskipasmíði
Kjólasaumur	Tækniteiknun
Kjötiðn	Tölvufræðibraut
Kjötskurður	Tölvuþjónustubraut
Klæðskurður	Upplýsinga- og fjölmiðlagreinar, grunnám
Leiðsögunám	Úrsmíði
Leikskólaliðabraut	Útstillingabraut
Ljósmyndun	Veggfóðrun og dúkalögn

## Starfsmenntun

Fimm atriði sem kveðið er á um í Hvítbók lágu til grundvallar vinnunni

Lyfjatækni	Verslunartækni
Læknaritarabraut	Verslunarstjórnun
Löggæslu- og björgunarbraut	Vélstjórn
Margmiðlun og veftækni	Vélvirkjun/vélsmíði
Matartækni	Ylrækt
Matreiðsla	

Flugvirkjanám sem er starfsnám og kennt á framhaldsskólastigi en er ekki á ábyrgð menntamálaráðuneytisins og því er það nefnt sérstaklega.